

Ummæli vinnuveitanda

„Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hefur verið um árabil með starfsmann sem hefur komið í gegnum klúbbinn Geysi. Starfsmaðurinn hefur að jafnaði starfað í 9 mánuði og sinnt störfum í eldhúsi og skrifstofustörfum. Reynsla þjónustumiðstöðvarinnar hefur verið afar jákvæð og samstarfið við Geysi verið farsælt. Einnig hefur starfsfólk lýst mikilli ánægju með þetta fyrirkomulag og starfsmaðurinn verið ómissandi partur af hópnum.”

**Líney Einarsdóttir, þjónustustjóri
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða**

Ummæli félaga

„Með því að fara í RTR þá öðlaðist ég trú á því að ég gæti aftur farið út á almennan vinnumarkað.”

Björk Agnarsdóttir

„Ráðning til Reynslu hefur gefið mér nýja sýn á lífið. Að komast á almennan vinnumarkað er alveg yndislegt.”

Ásta Andrésdóttir

„Ég er ánægður með starfið og hef gaman að því að vera þar sem er hreyfing á fólki.”

Helgi Ásmundsson.

„Vinnan göfgar og sá sem er iðjulaus situr sex djöfla og hossar þeim sjöunda!”

Kjartan Emil Sigurðsson

Stefnuyfirlýsing Klúbbsins Geysis

Virðing – Viðsýni – Vinátta

Við bjóðum velkomna þá sem eiga eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða, til að vinna uppbyggilegt starf á jafningjagrundvelli með það að markmiði að auka samfélagslega þátttöku og efla lífsgæði. Þetta gerum við með því að:

- vera öruggur samastaður
- hafa fjölbreytt verkefni á vinnumiðuðum degi
- efla sjálfstraust með því að taka tillit til styrkleika, áhuga og getu hvers og eins hverju sinni
- veita stuðning í námi og atvinnuleit
- bjóða tímabundin atvinnutækifæri

Samvinna – Samræður - Samhljómur


Opnunartímar í Geysi:

Mánudaga til fimmtudaga: 08:30 til 16:00

Föstudaga: 08:30 til 15:00

Opið er einn laugardag í mánuði: 11:00 til 15:00

Sjá nánar um opnunartíma á www.kgeysir.is



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Sjá einnig: iccd.org

Klúbburinn Geysir

Með þér í vinnu

Virknir skapar vellíðan



Klúbburinn Geysir

Skipholti 29

105 Reykjavík

Ráðning til reynslu (RTR)

Í Geysi er atvinnu og menntadeild, ATOM, sem starfar jafnhliða skrifstofudeildinni, þar sem félagar og starfsmenn vinna að því að ná tengslum við vinnuveitendur. Ráðning til reynslu veitir félögum tækifæri til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

RTR eru hlutastörf og tímatakmörkuð, að jafnaði 15-20 tímar á viku. Félagi fær ráðningu í 6, 9 eða 12 mánuði og þá tekur annar félagi við starfinu. Klúbburinn sér um að tala við atvinnurekendur, kynna fyrir þeim hvað felst í ráðningu til reynslu og útvega störf fyrir féлага.

Starfsmaður klúbbsins kynnir sér starfið og þjálfar viðkomandi féлага, vinnuveitanda að kostnaðarlausu. Að þjálfun lokinni fer félaginn á launaskrá hjá vinnuveitandanum.

Komi sú staða upp að félagi geti ekki mætt í vinnu sér klúbburinn um að útvega starfskraft í hans stað, hvort sem það er annar félagi eða starfsmaður klúbbsins. Vinnuveitandanum er þannig tryggt 100% vinnuframlag.

Starfsmaður klúbbsins veitir bæði félaganum og vinnuveitandanum stuðning á meðan á ráðningu stendur og fylgist með gangi mála. Jákvætt er ef félagi sækir klúbbinn samhliða RTR.

RTR ráðningarfyrikomulagið er notað í fjölmörgum löndum víðs vegar um heim með mjög góðum árangri, bæði fyrir féлага klúbbhúsanna og atvinnurekendur.

Frá upphafi hafa um 50 Geysisfélagar starfað í Ráðningu til Reynslu. Yfir 100 félagar stunda nú vinnu á almennum vinnumarkaði.

Ráðning til reynslu (RTR)

Störf í Ráðningu til reynslu á vegum Geysis

Þjónustumiðstöð Háaleitis og Laugardals: Skjalavarsla, undirbúningur funda og umsjón með kaffistofu. Vinnutími: 10:00-14:00.

Félags- og þjónustumiðstöð aldraðra við Vitatorg: (Tvö störf) Leggja á borð og undirbúa hádegisverð, færa fólk sem þarf aðstoð mat, taka af borðum og þrifa þau ásamt almennum þrifum í matsal og á aðstöðu starfsmanna. Undirbúa matsal fyrir miðdegiskaffi, vökva blóm og annað tilfallandi. Vinnutími: 10:00-14:00 aðra hverja viku.

Bifreiðastöð Íslands BSÍ: (Tvö störf). Að halda umhverfi BSÍ hreinu og snyrtilegu, losa ruslastampa, létt gólfþrif í móttökusal og ýmislegt tilfallandi Vinnutími: 10:00 -14:00 aðra hverja viku.



Frá deildarfundi í Skrifstofu-, atvinnu- og menntadeild Klúbbsins Geysis.

Atvinna með stuðningi (AMS) og sjálfstæð ráðning

Klúbburinn Geysir hefur átt gott samstarf við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og Atvinnu með stuðningi. Lögð er áhersla á að finna starf á almennum vinnumarkaði út frá áhuga og styrkleikum einstaklingsins.

Við sjálfstæða ráðningu leitar félagi í klúbbnum eftir vinnu á eigin vegum, að eigin frumkvæði og ábyrgð. Viðkomandi fær allan þann stuðning, sem klúbburinn getur veitt honum og hann leitar eftir. Slíkur stuðningur getur t.d. verið meðmæli og aðstoð við að fylla út umsóknir auk aðstoðar við að útþúa starfsferilsskrár og að fara með félögum í atvinnuviðtöl. Sá sem byrjar í starfi er áfram félagi í klúbbnum og getur því haldið áfram að nýta sér allan stuðning og þjónustu sem í boði er innan klúbbsins.

Brot úr hugmyndafræði Fountain House

Klúbburinn Geysir starfar eftir hugmyndafræði Fountain House sem byggir á að efla hæfileika og styrk fólks sem glímir við geðraskanir.

Með því að gefa hverjum og einum tækifæri til að nýta sínar sterku hliðar þjálfast viðkomandi til fjölbreyttrar þátttöku í samfélaginu.

Í störfum innan Klúbbsins Geysis er lögð áhersla á stuðning og virðingu fyrir félögum.

Í starfi Klúbbsins Geysis eru engar kvaðir lagðar á féлага umfram það sem hver og einn er tilbúinn að taka að sér.

Lögð er áhersla á jákvæða athygli og horft á styrkleika, í stað þess að einblína á sjúkdóminn.